VÖRÐUR TRYGGINGAR HF.
OG
VÖRÐUR LÍFTRYGGINGAR HF.

Starfsreglur endurskoðunarnefndar

1. ENDURSKOÐUNARNEFND STJÓRNA OG MEGINHLUTVERK

1.1 Við einingu tengda almannahagsmunum skal starfa endurskoðunarnefnd samkvæmt IX. kafla A laga um ársreikninga, nr. 3/2006 (hér eftir „árl").

1.2 Endurskoðunarnefnd (hér eftir „nefndin" eða „endurskoðunarnefnd") er undirnefnd stjórna Varðar tryggingа hf. og Varðar líftryggingа hf. (hér eftir „félaganna"). Nefndin er sameiginleg fyrir félögin og sinnir tilteknum verkefnum á ábyrgðarsviði stjórna. Þau verkefni sem endurskoðunarnefnd ber að fjalla um eru einkum verkefni sem snúa að því að tryggja viðhlítandi innra eftirlit og að tryggja að fjárhagsleg skýrslugerð uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til félaganna í lögum og reglum, þ. á m. skýrslugerð samkvæmt reglum kauphallar ef það á við. Mikilvægur þáttur innra eftirlits sem fellur því undir verksvið endurskoðunarnefndar er það ferli og eftirlitsaðgerðir sem lúta að því að tryggja að fjárhagsupplýsingar séu áreiðanlegar hvort sem um er að ræða ársreikninga, árshlutareikninga eða innri stjórnendaupplýsingar. Nefndin getur ennfremur að eigin frumkvæði tekið upp hvaða mál sem hún telur að falli að meginhlutverki sínu.

1.3 Störf og ábyrgð endurskoðunarnefndar breyta í engu ábyrgð og skyldum stjórnenda félaganna og stjórna þeirra. Ábyrgð stjórnenda og stjórna á rekstri og fjármálum félaganna eru óbreytt og samkvæmt lögum.

2. SKIPUN ENDURSKOÐUNARNEFNDAR OG HÆFI NEFNDARMANNA

2.1 Stjórn Varðar tryggingа skipar í samráði við stjórn Varðar líftryggingа a.m.k. þrjá fulltrúa í endurskoðunarnefnd innan eins mánaðar frá aðalfundi ár hvert. Nefndina skipa fulltrúar beggja stjórna sbr. starfsreglur stjórna. Í útvistunarsamningi milli félaganna kemur fram að þess skuli gætt að Vörður líftryggingar eigi ávallt fulltrúa í endurskoðunarnefnd. Starfstímabil nefndarinnar nær til næsta aðalfundar. Nefndarmenn skulu búa yfir þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar. Að minnsta kosti einn nefndarmanna skal hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar sbr. ákvæði 108. gr. a árl. Forstjóri félagsins skal ekki eiga sæti í nefndinni en situr fundi nefndarinnar eftir því sem við á.

2.2 Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum félagsins og meirihluti nefndarmanna skal jafnframt óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Auk þess skal einn nefndarmanna, sem bæði er óháður daglegum stjórnendum og félaginu, vera óháður móðurfélagi þess. Samskonar viðmið skal viðhaft vegna óhæðis nefndarmanna og vegna óhæðis stjórnarmanna sbr. 3. gr. starfsreglna stjórnar. Þá skulu leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands um stjórnarhætti fyrirtækja hafðar til hliðsjónar við mat á óhæði.

3. HELSTU VERKEFNI OG HLUTVERK

3.1 Meginhlutverk nefndarinnar er skilgreint í 108. gr. b. árl. án tillits til ábyrgðar stjórnar eða stjórnenda, og falla eftirfarandi verkefni þar undir;

a. Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila;
b. Eftirlit með skráningu, fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félaganna, innri endurskoðun og áhættustýringu;
c. Eftirlit með og yfirfara endurskoðun ársreikninga og samstæðureiknings félaganna;
d. Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis í samræmi við ákvæði í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 537/2014 um sérstakar kröfur í tengslum við lögboðna endurskoðun á einingum tengdum almannahagsmunum;
e. Að setja fram tillögu til stjórna um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki;

f. Hafa forgöngu um sameiginlegan fund stjórnar, endurskoðunarnefndar og ytri endurskoðenda, án viðveru daglegra stjórnenda.

3.2 Meðal annarra verkefna nefndarinnar er að yfirfara fjárhagsupplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum, innri endurskoðun og ytri endurskoðendum og að staðreyna að upplýsingar sem stjórnirnar fá um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félaganna séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félaganna á hverjum tíma. Þau verkefni rækir nefndin m.a. með því að;

a. Meta reikningsskil og skýrsluskil stjórnenda um fjármál félaganna;
b. Hafa eftirlit með áhættugreiningu félaganna, gerð ORSA ásamt því að hafa eftirlit með viðbrögðum við áhættu;
c. Að taka sjálfstæða afstöðu til tillögu starfskjaranefndar um áhrifa launa og kaupaukakerfis á áhættutöku og áhættustjórnun félagsins.
d. Fylgja eftir úrbótum á annmörkum sem fram koma á innra eftirliti;
e. Annast ráðningu og samskipti við innri endurskoðanda;
f. Hafa eftirlit með virkni innri og ytri endurskoðunar og viðbrögðum við ábendingum um úrbætur;
g. Meta störf innri og ytri endurskoðenda.
h. Nefndin skal að minnsta kosti árlega skila skýrslu um störf sín til stjórnar félagsins.
i. Eftirfylgni með kröfum útvistunarsamnings við innri endurskoðun.
j. Vinna önnur verkefni sem stjórn felur nefndinni.

4. AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM OG SKÝRSLUM

4.1 Endurskoðunarnefnd hefur ótakmarkaðan aðgang að upplýsingum og gögnum frá stjórnendum og öðru starfsfólki félaganna sem og frá innri og ytri endurskoðendum og útvistunaraðilum. Nefndin getur krafist þess að starfsfólk komi á fund nefndarinnar og veiti umbeðnar upplýsingar. Endurskoðunarnefnd getur látið vinna minnisblöð og greinargerðir fyrir sig.

5. FUNDIR ENDURSKOÐUNARNEFNDAR

Boðun og tíðni funda

5.1 Formaður endurskoðunarnefndar boðar til funda að eigin frumkvæði eða að ósk annars nefndarmanns, forstjóra félaganna, innri endurskoðanda, áhættustjóra eða endurskoðanda félaganna. Formanni er heimilt að fela forstjóra eða ritara nefndarinnar að boða til funda. Heimilt er að boða til funda með tölvupósti á tölvupóstfang sem nefndarmenn tiltaka. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara. Dagskrá er fyrirfram ákveðin skv. starfs- og fundaáætlun sem samþykkt er í upphafi starfsárs. Starfs- og fundaáætlun endurskoðunarnefndar skal vera hluti af starfs- og fundaáætlun stjórna svo vinna nefndarinnar nýtist stjórnum sem best. Fundargögn skulu vera aðgengileg fundarmönnum að jafnaði með a.m.k. tveggja daga fyrirvara.

5.2 Fundir skulu haldnir eigi sjaldnar en sex sinnum á ári og oftar ef formaður nefndarinnar telur þörf á eða ef stjórnir fela nefndinni aukin verkefni.

Rafræn þátttaka

5.3 Þátttaka á fundum í síma eða með fjarfundarbúnaði er heimil og telst vera fullgild þátttaka.

Lögmæti funda og atkvæðagreiðslur

5.4 Fundir endurskoðunarnefndar eru lögmætir ef a.m.k. tveir nefndarmenn taka þátt. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála. Atkvæðagreiðsla er endanleg um lyktir máls. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

Fundargerð

5.5 Færa skal rafræna fundargerð um það sem gerist á fundum endurskoðunarnefndar. Fundargerðir nefndarinnar skulu bornar upp til samþykktar og undirritaðar af þeim aðilum sem sátu fundinn, sé það

unnt. Nefnd er heimilt að staðfesta fundargerðir með fullgildri rafrænni undirritun. Fundargerðir skulu vistaðar á rafrænu formi á vefgátt sem aðgengileg er bæði nefndarmönnum og stjórnum. Að öðru leyti en hér kemur fram skulu sömu reglur gilda um fundargerðir nefndarinnar og fundargerðir stjórnar, sbr. 6. gr. starfsreglna stjórna.

Upplýsingar um störf endurskoðunarnefndar

5.6 Stjórnir félaganna hafa eftirlit með störfum endurskoðunarnefndar og skulu árlega meta skilvirkni nefndarinnar.

6. TRÚNAÐAR- OG ÞAGNARSKYLDA

6.1 Nefndarmenn eru bundnir trúnaðar- og þagnarskyldu um öll störf sín á vegum endurskoðunarnefndar. Öll gögn sem aflað er vegna vinnu nefndarinnar skulu nefndarmenn fara með sem trúnaðargögn.

6.2 Nefndarmenn skuldbinda sig til að hagnýta sér hvorki í eigin þágu eða þágu annarra utan félaganna, vitneskju eða hugmyndir sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna á vegum endurskoðunarnefndar. Gildir það bæði um trúnaðarupplýsingar sem eru afhentar frá utanaðkomandi aðilum sem og innanhússupplýsingar.

6.3 Nefndarmenn bera sjálfir ábyrgð á því að gögn sem þeim eru afhent, á hvaða formi sem er, fari ekki lengra eða komist ekki á annan hátt í hendur aðila utan nefndarinnar.

7. ÚRSÖGN ÚR ENDURSKOÐUNARNEFND

7.1 Nefndarmanni er hvenær sem er heimilt að segja sig úr endurskoðunarnefnd. Þá er meirihluta stjórnar félagsins heimilt að víkja nefndarmanni úr nefndinni án rökstuðnings og án fyrirvara ef þurfa þykir.

7.2 Stjórn Varðar tryggingа skal í samráði við stjórn Varðar líftryggingа skipa annan nefndarmann við fyrsta tækifæri og eigi síðar en innan mánaðar í stað þess sem víkur sæti.

8. ENDURSKOÐUN STARFSREGLNA ENDURSKOÐUNARNEFNDA

8.1 Endurskoðunarnefnd setur sér sjálf starfsreglur þessar og skulu þær yfirfarnar árlega af nefndinni í upphafi starfsárs en uppfærðar eftir þörfum. Til breytinga á reglum þessum þarf samþykki meirihluta nefndarmanna.

8.2 Reglur þessar voru settar með hliðsjón af ákvæðum laga um ársreikninga, nr. 3/2006, og með hliðsjón af 6. útg. leiðbeininga Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja útg. 2021.

8.3 Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu félagsins.

9. UNDIRRITUN

Þannig samþykkt af stjórnum Varðar tryggingа hf. og Varðar líftryggingar hf. á stjórnarfundi 19. maí 2022